

## 74. fundur

25. janúar 2021

1605013SA BOH

Málalykill: 16.32

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Félags íslenskra hljómlistarmanna**

74. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra hljómlistarmanna var haldinn mánudaginn 25. janúar 2021. Fundurinn var fjarfundur og hófst hann kl. 8:30.

Mætt voru f.h. FÍH, Gunnar Hrafnson, Freyja Gunnlaugsdóttir og Eyþór Ingi Kolbeins, af hálfu SNS, Harpa Ólafsdóttir, Haukur Þór Haraldsson og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár.

- 1. Eiga stundakennarar rétt á greiðslu álags eftir klukkan 17:00 skv. gr. 1.7.8 vinna utan dagvinnumarka, vaktaálag. – Málsnr. 2101062SA**

**Niðurstaða:**

Samstarfsnefnd er sammála um að grein 1.7.8. vinna utan dagvinnumarka, vaktaálag eigi við um stundakennara eins og þá sem eru í starfshlutfalli og því eigi stundakennarar rétt á álagi sbr. grein 1.7.8.

- 2. Grein 1.5.1 um aukna stjórnun - Skólahljómsveitir. – Málsnr. 2101063SA**

Samstarfsnefnd hefur borist erindi frá þremur stjórnendum skólahljómsveita þar sem óskað er eftir álitum samstarfsnefndar um hvort skólarnir eigi rétt á aukinni stjórnun skv. gr. 1.5.1.

**Niðurstaða:**

Skólahljómsveit sem nær a.m.k. 90 stigum skv. grein 1.5.1 á rétt til að auka tíma til stjórnunar við skólann sbr. reiknireglu í grein 1.5.1. Taki skólastjóri að sér aukna stjórnun skv. ofangreindu gerist það eingöngu gegn tilsvaramandi lækkun á eigin kennslu skv. grein 1.5.1. Málsaðilum er falið að koma aukinni stjórnun í framkvæmd sem allra fyrst eins og við á í hverju tilviki fyrir sig.

- 3. Önnur mál**

Enginn önnur mál.

Fundi slitið klukkan 9:35